

Mál nr. 134/2007

M vegna bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (B)

Skemmdir á bifreið þegar steinn rakst upp undir bifreiðina á vegslóða
við Vog í Grafarvogi þann 03.01. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.07. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.07. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Bifreiðinni B var ekið um malarlóða þegar steinn rakst upp undir bifreiðina og gat kom á oliupönnu. M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óvarlegt hafi verið að láta umræddan stein vera á umræddri akstursleið sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Vátryggingafélagið telur að bótaábyrgð sé ekki fyrir hendi. Umræddur vegslóði sé ekki hluti af vegakerfi borgarinnar. Um sé að ræða aflagðan veg sem hafi verið hluti af gamla Gufunesveginum en hann þjóni í dag hlutverki göngustígs. Hann leiði ekki annað en inn á malbikaðan göngustíg sem liggur í landi Keldna. Ökumanninum hafi ekki borið að aka umræddan slóða. Þá beri slóðinn augljós merki um viðhaldsleysi, hann sé grófgerður og vatnssorfinn. Félagið telur að rekja megi óhapp þetta til eigin sakar tjónþola.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér liggur fyrir. Umræddur vegslóði virðist ekki hluti af vegakerfi borgarinnar. Vegslóðinn virðist bera augljós merki um viðhaldsleysi. Ökumaður A ók umrædda leið á eigin ábyrgð.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 7. ágúst 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.